

# „Það kemur alveg nýtt look á fólk“

*Rannsókn á gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarstarfi*

Anni G. Haugen

**Ritröð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar**

---

Sjötta hefti  
2011/2012

**Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd 2012**



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ  
FÉLAGSRÁÐGGJAFARDEILD



**FORSA**  
Ís-Forsa

# „Það kemur alveg nýtt look á fólk“

*Rannsókn á gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarstarfi*

Anni G. Haugen

**Ritröð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar**

---

Sjötta hefti  
2011/2012

**Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd 2012**

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og höfundur

Öll réttindi áskilin.

ISBN: 978-9935-9026-9-6

Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Útgáfustaður: Reykjavík

Útgáfuár: 2011/2012

Prentun: Háskólaprent

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósritun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

## *Útdráttur*

Að lokinni könnun barnaverndarmáls ber að gera áætlun um það á hvern hátt unnið skuli að því að bæta aðstæður barnsins, þar sem meðal annars kemur fram hverjir munu veita barninu stuðning. Í þessari rannsókn, sem framkvæmd var á árunum 2008–2011 var skoðað hvort og á hvern hátt börn og foreldrar koma að gerð slíkrar áætlunar. Skoðaðar voru 50 áætlanir frá fimm barnaverndarnefndum, rætt var við fimm barnaverndarstarfsmenn og síðan við 11 börn og 10 foreldra. Á þennan hátt var reynt að sjá hvort þátttaka barna og foreldra endurspegladist í áætlunum og um leið var leitast við að varpa ljósi á hugmyndir og upplifun starfsmanna, barna og foreldra af því að búa til áætlun.

Niðurstöður benda til þess að áætlun um meðferð máls nýtist ekki sem tæki til þess að efla samstarf við börn og foreldra við lausn máls. Starfsmenn vilja í orði kveðnu fá börn og foreldra með sér í samvinnu, en hvorki þau börn né þeir foreldrar, sem rætt var við í rannsókninni, höfðu tekið þátt í slíkri samstarfsvinnu. Þekking barna og foreldra á störfum barnaverndarnefnda er óljós og takmörkuð áður en afskipti hefjast og vitneskja þeirra lítil á þeim úrræðum sem í boði eru. Þátttaka barna er að mestu bundin við eldri börn en börn yngri en 12 ára taka sjaldan þátt í því að búa til áætlun. Mæður eru helstu samstarfsaðilar barnaverndarstarfsmanna en feður taka sjaldan þátt í samstarfinu, og það sama gildir um aðra sem sinna málefnum barnanna eins og t.d. starfsmenn skóla. Barnaverndarstarfsmennirnir segjast yfirleitt vilja nota meiri tíma til að virkja börn og foreldra til að búa til áætlanir og þeir sakna markvissra mælitækja til að meta árangur af þeim stuðningi sem veittur er. Niðurstöður benda til þess að þörf sé á endurskoðun starfsaðferða við gerð áætlana sem stuðli að aukinni áherslu á barnasjónarhornið, samstarf og valdeflingu.

## ***Efnisyfirlit***

Útdráttur .....	4
1 Inngangur .....	6
2 Forsendur fyrir samvinnu í barnavernd.....	8
2.1 Takmarkanir á samvinnu í barnavernd .....	10
3 Þátttaka barna og foreldra í barnaverndarstarfi .....	12
3.1 Þátttaka barna .....	13
3.2 Þátttaka foreldra.....	14
3.3 Samstarf við aðrar stofnanir .....	16
4 Rannsóknarsnið og aðferð .....	18
4.1 Aðferð .....	18
4.2 Úrtakið .....	19
4.3 Siðferðileg álitamál .....	21
5 Niðurstöður .....	22
5.1 Þekking barna og foreldra á barnavernd .....	22
5.2 Hvernig verður áætlun til?.....	22
5.3 Með hverjum er unnið við gerð áætlunar? .....	24
5.4 Áætlanirnar .....	26
5.5 Mat á áætlun og lok mála .....	27
5.6 Annað.....	28
5.6.1 Systkini.....	28
5.6.2 Ánægja foreldra með barnaverndarstarfsmann .....	28
5.6.3 Hvernig á barnaverndarstarfsmaður að vera? .....	29
5.6.4 Hvaða þættir skipta máli? .....	30
6 Umræða og ályktanir.....	31
Heimildir .....	37

# 1 *Inngangur*

Rannsóknin sem hér er kynnt um samvinnu barnaverndarnefnda við börn og foreldra við gerð áætlana hófst árið 2008. Markmiðið með rannsókninni var að öðlast meiri skilning og þekkingu á því hvort og þá hvernig áætlun um meðferð máls nýtist sem tæki til að virkja börn og foreldra til þátttöku og hvernig samvinnan er í raun út frá sjónarhorni þeirra sem að henni koma. Rannsóknarspurningin sem sett var fram var þessi: Hver er þáttur foreldra og barna við gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarmálum?

Í 23. gr. barnaverndarlaga er kveðið á um að ef ástæða þykir til frekari afskipta að lokinni könnun í barnaverndarmáli skuli barnaverndarnefnd, eða starfsmenn sem oftast eru félagsráðgjafar,<sup>1</sup> gera áætlun í umboði hennar um meðferð máls. Áætlunin skal unnin í samvinnu við foreldra og eftir atvikum við barn sem náð hefur 15 ára aldri. Samráð skal haft við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Áætlunin á að vera skrifleg og til ákveðins tíma. Í lagagreininni er einnig kveðið á um það að nefndin eigi að gera einhliða áætlun um stuðning við barnið ef ekki næst samvinna við foreldra en ekki verður fjallað um þann þátt áætlanagerða hér.

Til þess að áætlunin þjóni markmiði sínu þurfa foreldrar og börn að koma á virkan hátt að gerð hennar. Í barnaverndarlögunum er jafnframt lögð áhersla á að barnaverndarnefnd í samvinnu við foreldra og börn eigi að hafa frumkvæði að því að koma á samstarfi við aðra aðila sem taldir eru geta veitt barni viðeigandi stuðning og leita eftir samþykki foreldra fyrir því. Hér er m.a. átt við skóla, heilsugæslu og lögreglu (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Það er því ljóst að löggjafinn leggur áherslu á að samstarf takist um að búa til áætlun og hún á ekki að vera innantómt plagg heldur tæki til að koma á samstarfi um það á hvern hátt best megi bæta umönnun og aðbúnað barnsins. Áætlanirnar eru einnig vel til þess fallnar að allir aðilar fái yfirlit yfir þau atriði sem talið er að þurfi að bæta, þann stuðning sem

---

<sup>1</sup> Barnaverndarlög kveða á um að barnaverndarnefndir skuli ráða sér starfsmenn. Þeir eru flestir félagsráðgjafar og hér er því ýmist fjallað um félagsráðgjafa eða barnaverndarstarfsmenn.

veittur hefur verið og hver þáttur hvers og eins hefur verið, þ.e. barns, foreldris/foreldra, barnaverndarstarfsmanns og mögulega annarra.

Allt frá því að ákvæði um áætlanir var sett í barnaverndarlög árið 2002 hefur nokkuð skort á það að þessar áætlanir séu gerðar. Í ársskýrslu Barnaverndarstofu um störf barnaverndarnefnda starfsárin 2008–2009 kom fram að 1731 áætlanir höfðu verið gerðar eða í ríflega 70% mála (Barnaverndarstofa, 2011).

Leiðbeiningar um það á hvern hátt barnaverndarstarfsmenn skuli vinna að gerð áætlana eru í handbók sem finna má á vef Barnaverndarstofu. Í sérstökum kafla um áætlanir er lögð áhersla á samvinnu og á hvern hátt hægt sé að vinna að því að gera áætlun með börnum og foreldrum og ýmsum samstarfsaðilum eins og t.d. kennurum (Barnaverndarstofa, e.d). Á þeim tíma sem rannsóknin var gerð höfðu tvær af 30 barnaverndarnefndum landsins samið sérstakar handbækur fyrir starfsmenn sína og var önnur handbókin einnig ætluð samstarfsaðilum. Umfjöllun þeirra um áætlanir vísa fyrst og fremst til lagatextans og leggja áherslu á að ein áætlun sé gerð fyrir hvert barn. Í annarri handbókinni er gert ráð fyrir að foreldrar og félagsráðgjafi skrifi undir áætlunina ásamt vottum, en í hinni er gert ráð fyrir undirskrift forsjáraðila barns, ef við á, og félagsráðgjafans. Í annarri handbókinni er einnig lögð áhersla á að áætlunin sé unnin í samvinnu við foreldra og barn þegar það á við, en að öðru leyti er ekki fjallað um verklag eða áherslur við gerð áætlana. Öllum viðmælendum sem og þeim sem hjálpuðu við framkvæmd rannsókna og uppsetningar skýrslu eru færðar bestu þakkir.

## **2 Forsendur fyrir samvinnu í barnavernd**

Hugmyndir um rétt fólks til að tjá sig um eigin málefni eru nátengdar þróun alþjóðasamninga svo sem Samninga Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi frá 1966 og um réttindi barnsins frá 1989. Um leið hafa hugmyndir um valdeflingu og þátttöku styrkst (Stanley, 2006). Jafnhliða þessu hafa viðhorf til foreldra innan barnaverndar verið að breytast frá því að félagsráðgjafar leit á þá sem erfiða í samskiptum og hugsanlega ógn við velferð barnsins sem krafðist verndar óskyldra aðila og yfir í það viðhorf sem nú er ríkjandi að það sé barninu í hag að alast upp hjá þeim (Saint-Jacques, Drapeau, Lessard og Beaudoin, 2006). Sífelld meiri áhersla er lögð á að styðja foreldra til að hafa börn sín hjá sér og að vinna út frá styrkleikum fjölskyldunnar og umhverfi barnsins (Noble, Perkins og Fatout, 2000).

Fyrir flesta er það stórt skref og merki um mikla erfiðleika að biðja um aðstoð barnaverndarnefndar fyrir barn sitt. Þetta á enn frekar við þegar í ljós kemur að barnverndarnefnd hefur fengið tilkynningu um slæman aðbúnað, vanrækslu eða áhættu hegðun barns. Of lítið er vitað um þekkingu almennings á störfum barnaverndarnefnda hér á landi, en slík þekking kann að vera forsenda þess að fólk geti borið nægilegt traust til starfseminnar, vilji leita eftir aðstoð og þiggja hana. Í niðurstöðum nýlegrar íslenskrar könnunar kom þó fram að 59% landsmanna sögðust treysta barnaverndarnefndum mjög mikið eða frekar mikið (Anni G. Haugen, 2011). Árið 2008 var gerð þjónustukönnun hjá Velferðarsviði Reykjavíkur þar sem notendur barnaverndar voru spurðir um það hve ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustu Barnaverndar Reykjavíkur. Svarendur voru 45 og 58,6% þeirra sögðust ánægðir eða frekar ánægðir með þjónustuna (Capacent Gallup, 2008). Í norskri rannsókn sem nefnist „Det nye barnevernet“, þar sem m.a. var rætt við 723 fjölskyldur sem notið höfðu aðstoðar barnaverndar, kom fram að rúmlega 70% báru almennt traust til barnaverndar en það er meira traust en almenningur bar til barnaverndar þar í landi (Fauske, Lichtwarck, Marthinsen, Willumsen, Clifford og Kojan, 2009).

Dumbrill (2006) hefur rannsakað reynslu foreldra af afskiptum barnaverndar og niðurstöður hans undirstrika mikilvægi þess að félagsráðgjafar og þeir sem standa að stefnumótun í barnavernd séu sér meðvitaðir um þau áhrif sem valdaójafnvægið hefur á samskipti foreldra og félagsráðgjafans. Þeir verði að skilja hvernig börn og foreldrar upplifa



og takast á við afskipti barnaverndar og að það sé forsenda þess að virkja þau til þátttöku við gerð áætlana og í allri barnaverndarvinnu.

Fyrstu skrefin í hverju barnaverndarmáli er að skapa traust svo að foreldrum og barni finnist þau örugg í samstarfinu, viti hvað sé að gerast og eigi eftir að gerast. Gæta þarf þess að allir aðilar geti haldið sjálfsvirðingu sinni og hindra að þeim finnist þeir auðmýktir og bregðist ekki við með reiði, fari í vörn eða dragi sig í hlé (Sandbæk, 2001). Samvinnan þarf að einkennast af gagnkvæmri virðingu, rétti barns og foreldra til að fá upplýsingar um gang málsins, áreiðanleika og að hver og einn geti lagt fram hugmyndir eftir getu og þekkingu (Sandbæk, 1995; Thoburn, Lewis og Shemmings., 1995; Uggerhøj, 1995).

Davis (2010) bendir á mikilvægi þess að félagsráðgjafinn geri sér grein fyrir því hve sársaukafullt og erfitt það getur verið fyrir bæði barn og foreldra að verða viðfangsefni barnaverndar en telur jafnframt að oft og tíðum skorti félagsráðgjafa þessa meðvitund. Þetta þarf að hafa í huga í hvert sinn sem félagsráðgjafinn hittir barn og foreldra þess í fyrsta skipti. Fjölmargar rannsóknir sýna einnig að það sem bæði börn og foreldrar telja skipta höfuðmáli í öllu ferli barnaverndarmálsins sé það samband sem myndast við félagsráðgjafann og að það skipti mestu máli til að draga úr ótta þeirra við kerfið. Félagsráðgjafar, sem tekst að sýna samkennd, næmni og virðingu án þess að dæma, eiga þannig auðveldara með að vinna traust foreldra og barna (Buckley, Carr og Whelan, 2011; Forrester, Kershaw, Moss og Huges, 2008; Ribner og Knei-Paz, 2002; Schjelderup, Omre, Marthinsen, Horverak og Hyrve, 2005). Svipaðar niðurstöður hafa komið fram í öðrum rannsóknum þar sem skjólstæðingar barnaverndar og félagsþjónustu hafa lagt áherslu á hæfni félagsráðgjafa til að sýna samkennd, vera styðjandi og heiðarlegir (Maiter, Palmer og Manji, 2006; Thoburn, Lewis og Shemmings, 1995).

Góð upplýsingagjöf er hluti af því að mynda traust við foreldra og börn og virkja þau í barnaverndarstarfi og þarf að fela í sér útskýringar á hlutverki og verklagi viðkomandi stofnunar, upplýsa hvað sé að gerast, setja markmið, finna leiðir til að ná þeim og tryggja að foreldrar hafi ákveðnu hlutverki að gegna við framkvæmd áætlunarinnar (Saint-Jacques, Drapeau, Lessard og Beaudoin, 2006). Til þess að virkja börn og foreldra og geta unnið á þennan hátt er ekki nægjanlegt að skoða vinnubrögð heldur þarf einnig að horfa á menningu stofnunarinnar, og áherslan á þátttöku þarf að koma fram í stefnu hennar og vera innbyggð í vinnuferli félagsráðgjafanna (Thoburn, Lewis og Shemmings, 1995; Wright, Turner, Clay og

Mills, 2006). Jafnframt er nauðsynlegt að vera vakandi fyrir því hvernig framkoma félagsráðgjafans og samskiptamáti getur haft áhrif á niðurstöður könnunar og afskipti.

## **2.1 Takmarkanir á samvinnu í barnvernd**

Samvinna í barnavernd er ætíð háð ákveðnum takmörkunum og nauðsynlegt að taka mið af hinum tveimur ólíku hlutverkum sem starfið felur í sér. Annars vegar er barnaverndarnefndum ætlað að vernda börn sem búa við óviðunandi uppeldisaðstæður og hins vegar er þeim ætlað að styðja foreldra til að sinna uppeldishlutverki sínu. Tillögur og óskir foreldra og barna um afskipti eða afskiptaleysi, um hvers konar stuðningur er veittur og hvaða úrræði eru í boði, þurfa fyrst og fremst að ráðast af hagsmunum barnsins. Ef öryggi barnsins er ekki tryggt þarf félagsráðgjafinn að taka ákvörðun sem kann að vera í andstöðu við vilja foreldra og stundum barnsins líka. Skilgreining á því um hvað samvinna er í hverju einstöku tilviki þarf því að taka mið af þessu. Samkvæmt Waterhouse og McGhee (sjá Slettebø og Seim, 2007) er samvinna í daglegu starfi það að virkja foreldra, og börn þar sem við á, í að taka ákvarðanir sem varða velferð barnsins, deila upplýsingum og láta fjölskylduna ætíð vita um næstu skref í málsmeðferð. Svipaða skilgreiningu má finna hjá Kock og Kock (1995, sjá Sandbæk, 2001) en þau greina á milli fimm ólíkra þátta eða aðferða um samvinnu í barnavernd, þ.e. upplýsingagjöf, notkun talsmanns og rétt til málfrelsis, samninga og ákvarðanatöku. Þannig felur samvinna í sér að fagmenn og fjölskylda deila ábyrgð og taka jafnframt mið af því valdaójafnvægi sem lög og reglur geta skapað. Um leið sýna þessar skilgreiningar vel hversu háð fjölskyldan er félagsráðgjafanum varðandi alla upplýsingagjöf og málsmeðferð og samstarfið markast að miklu leyti af forsendum hans og þeim vinnureglum sem honum er gert að fylgja.

Fræðikonan Sherry Arnstein setti árið 1966 fram hugmyndir um þátttökustigann (e. *the ladder of citizen's participation*) þar sem hún bendir á að í þátttöku felist vald og að það geti verið afar ófullnægjandi að vera þátttakandi án þess að vera veitt vald. Hún lýsir þar ólíkum stigum þátttöku, því hve flókið hugtak þátttaka er og mikilvægi þess að skilgreina í hverju einstöku tilviki hvað átt er við með þátttöku (Slettebø og Seim, 2007).

Umræðan um þátttöku foreldra og barna í barnaverndarstarfi hefur einnig vakið upp spurningar um það hvort hin mikla áhersla sem lögð er á samvinnu geti leitt til þess að félagsráðgjafinn láti foreldra, og stundum einnig barnið, um að skilgreina vandann án þess að nýta þá fagþekkingu sem fengist hefur gegnum rannsóknir og starf. Þá sé einnig hætt á að félagsráðgjafinn fjarlægist málið og að fjölskyldan þurfi sjálf að bera aukna ábyrgð á erfiðleikum sínum. Ennfremur hefur verið bent á að ef börn og foreldrar geta aðeins tekið þátt í ákvörðunarferlinu þegar þeir eru sammála félagsráðgjafanum, er þátttakan blekking (Backe-Hansen, 2001).

### **3 Þátttaka barna og foreldra í barnaverndarstarfi**

Fyrstu íslensku barnaverndarlögin eru frá árinu 1932. Í þeim er ekkert fjallað um samstarf við börn og foreldra, heldur eingöngu um heimildir barnaverndarnefnda til að hafa afskipti af börnum (Lög um barnavernd nr. 43/1932). Við endurskoðun laganna árið 1947 kemur fram að leita skuli umsagnar foreldra eða ungmennis áður en framkvæmdar eru meiri háttar ráðstafanir (Lög um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947). Í lögum frá 1966 er í fyrsta sinn kynnt sú meginregla að „að jafnaði skuli það ráð upp taka sem ætla má að barni sé fyrir bestu“ (Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, 16. gr.). Þá eru ákvæði um að foreldrum og öðrum forráðamönnum barns skuli gefinn kostur á að tjá sig um mál og að barni gefist kostur á að koma á fund nefndarinnar.

Íslensk stjórnvöld undirrituðu Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins árið 1992. Sama ár voru barnaverndarlögin endurskoðuð og þá lögð áhersla á að skilgreina réttarstöðu barna. Börn fengu rétt til að tjá sig um mál og skylt var að leita álits barns þegar það var orðið 12 ára. Einnig var heimilt að skipa barni talsmann sem ætlað var að koma sjónarmiðum þess til skila (Lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992).

Með gildistöku núverandi barnaverndarlaga nr. 80/2002 er börnum sem orðin eru 15 ára veitt full aðild að eigin barnaverndarmáli, þau hafa sjálfstæðan aðgang að gögnum og geta fengið aðstoð lögmanns. Í lögum eru nokkrar greinar er varða sérstaklega samvinnu við börn og foreldra (gr. 4, 23 og 43). Með breytingum á barnaverndarlögum sem samþykktar voru vorið 2011 er þátttaka barna við málsmeðferð hjá barnaverndarnefndum aukin enn frekar.

Í barnaverndarlögum má sjá ýmis ákvæði úr Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, svo sem rétt þess til verndar gegn ofbeldi og vanrækslu, rétt þess til að fá upplýsingar, tjá sig og hafa áhrif á ákvarðanir sem varða það sjálft. Tilkoma samningsins leiddi ekki aðeins til þess að réttindi barnsins styrktust heldur varð það sýnilegra í vinnslu barnaverndarmála og áherslan á samvinnu, sem áður hafði fyrst og fremst snúið að foreldrunum, laut nú einnig að barninu. Jafnframt kallar samningurinn á þörfina á að þróa frekara samstarf um velferð barnsins (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005).

Þrátt fyrir takmörkuð ákvæði lagatexta um samvinnu hafa barnaverndaryfirvöld lagt áherslu á að vinna skuli með foreldrum og börnum að lausn mála og undirstrika það í leiðbeiningum sínum (Barnaverndarstofa e.d.).

### **3.1 Þátttaka barna**

Áherslan á þátttöku barns byggist á þeirri sýn að barnið sé sjálfstæður einstaklingur og hún felur í sér viðurkenningu á því að barn geti veitt upplýsingar og búi yfir þekkingu á aðstæðum sínum sem skipta máli fyrir framtíð þess. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er fjallað um rétt þess til að tjá sig en engin aldursmörk eru nefnd. Því verður að meta stöðu barnsins út frá aldri þess og þroska í hverju einstöku tilviki og því hvort það tjái skoðun sína beint eða með aðstoð þriðja aðila (Hrefna Friðriksdóttir, 2009).

Ýmsir fræðimenn hafa þó bent á að börnin séu sjaldan virkir þátttakendur í eigin málum en að þau vilji taka þátt og séu ánægð þegar það er gert (Fern, 2008; Littlechild, 2000; Munro, 2011). Ef börnin þekkja hlutverk barnaverndarnefndar, ef þau fá að hafa áhrif á það hvaða úrræði eru veitt og eru sér meðvituð um markmið starfsins, eru þau einnig líklegri til að nýta sér aðstoðina og eiga auðveldara með að biðja um frekari aðstoð telji þau þörf á því (Larsen, 2011).

Í nýlegri breskri skýrslu þar sem gerð er úttekt á vinnslu barnaverndarmála þar í landi er fjallað um mikilvægi þess að barnaverndarstarfið sé barnamiðað (e. *child centered*) og að litið sé á börn og ungt fólk sem einstaklinga með réttindi, m.a. rétt til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra (Munro, 2011). Áherslur á þátttöku barna hafa verið í forgrunni í allmörg ár en þrátt fyrir það sýna rannsóknir að sjónarmið barna í barnaverndarmálum koma oftast fram í gegnum þriðja aðila, svo sem talsmann, og að félagsráðgjafar telji sig skorta kunnáttu til að tala við þau (Anni G. Haugen, 2004; Egelund og Thomsen, 2004; Holland og Scourfield, 2004). Ýmis rök eru notuð fyrir því að tala ekki við börnin sjálf eða virkja þau til þátttöku, eins og að betra sé að fá upplýsingar frá öðrum sem þekkja barnið og að ekki sé rétt að gera barnið órólegt með því að tala við það (Sanders og Mace, 2006; Thoburn, Lewis og Shemmings, 1995). Þetta kann að útskýra hik félagsráðgjafa við að ræða við börn um það sem er að gerast eða veita þeim aðgang að fundum þar sem teknar eru ákvarðanir er varða líf þeirra (Shemmings, 2000). Börnin sjálf vilja hins vegar fá að

taka þátt og í viðtölum við þau hefur komið fram gagnrýni þeirra á að hafa ekki fengið upplýsingar um það hvers vegna barnaverndarnefnd hafi afskipti af málum þeirra og að þess vegna eigi þau erfitt með að leggja mat á þá aðstoð sem þau fá (Sandbæk, 1999; Schjelderup, Omre, Marthinsen, Horverak og Hyrve, 2005). Bent hefur verið á nauðsyn þess að félagsráðgjafar þrói með sér fjölbreyttar aðferðir til að virkja börn á ólíkum aldri og þroska til þátttöku til að ná fram sjónarmiðum þeirra og viðhorfum (Wright, Turner, Clay og Mills, 2006). Sjónarmið foreldra verða því ráðandi þegar ákvarðanir eru teknar (Schofield og Thoburn, 1996).

Á síðustu árum hafa nokkrar íslenskar rannsóknir litið dagsins ljós sem fjalla um þátttöku barna í barnaverndarstarfi. Niðurstöður Elizabethar Fern (2008) sýna aukna virkni barna og ungmenna í starfi með barnaverndarstarfsmönnum þegar áhersla er lögð á barnasjónarhornið í starfinu. Nýjar rannsóknir um reynslu og viðhorf ungmenna til afskipta sýna að þau leggja megináherslu á að félagsráðgjafar hlusti á þau, taki þau alvarlega og standi við það sem þeir segja (Guðbjörg Gréta Steinsdóttir, 2011; Ragnheiður B. Guðmundsdóttir, 2011). Aðrar rannsóknir hafa sýnt að börn eru í takmörkuðum mæli virkjuð til samstarfs í barnaverndarstarfi (Anni G. Haugen 2009; Guðrún Kristinsdóttir, 2004; Halldór Sigurður Guðmundsson, 2005; Hervör Alma Árnadóttir, 2006). Í ársskýrslu Barnaverndarstofu kemur fram að árið 2009 var leitað til barnanna í 63% tilvika við könnun mála hér á landi. en ekki er að finna upplýsingar um hvort rætt sé við barnið eða leitað eftir sjónarmiðum þess og hugmyndum á öðrum stigum málsins (Barnaverndarstofa 2011).

### **3.2 Þátttaka foreldra**

Fram hefur komið að í Noregi komu um það bil 70% barna, sem barnaverndarnefndir höfðu afskipti af, úr lágstéttarfjölskyldum sem búa m.a. við mikið atvinnuleysi. Þessir foreldrar höfðu mun minni áhrif á ákvörðunarferlið hjá barnaverndarnefnd en foreldrar úr öðrum þjóðfélagsstéttum (Heggem Kojan, 2011). Sömu niðurstöður var að finna í danskri rannsókn þar sem einnig var bent á að foreldrar barna í barnaverndarmálum standa oft illa að vígi hvað varðar menntun, félagslegan bakgrunn og fátækt og séu oft og tíðum illa undir það búnir að takast á við foreldrahlutverkið (Egelund, Skovbo Christensen, Böcker Jakobsen, Jensen og

Fuglsang Olsen, 2009). Sambærilegar upplýsingar liggja ekki fyrir hér á landi en gera má því skóna að bakgrunnur barna sem barnaverndarnefndir fjalla um hér á landi sé svipaður og í Noregi og Danmörku. Þessi atriði þarf félagsráðgjafinn að hafa í huga þegar hann hittir foreldra í upphafi afskipta og byrjar að leggja grunn að samstarfi um að bæta umönnun og aðstæður barnsins.

Í írskri rannsókn, þar sem rætt var við ungt fólk og foreldra sem barnaverndin hafði haft afskipti af, kom m.a. fram að þrátt fyrir alla þá áherslu sem lögð var á samvinnu, bæði í ræðu og riti, upplifðu viðmælendur samstarf við félagsráðgjafana ekki á neinum jafnréttisgrundvelli. Þeim fannst félagsráðgjafinn leggja allar línur um hvað ætti að gera, voru hikandi og hræddir við að samþykkja tillögur og áætlanir og óttuðust að ef þeir hlýddu ekki eða fylgdu ekki áætluninni gæti það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þá og börnin. Það gæti jafnvel þýtt að þeir misstu forsjá barna sinna (Buckley, Carr og Whelan, 2011).

Á síðustu árum hafa nýjar starfsaðferðir litið dagsins ljós innan barnaverndar þar sem áhersla er lögð á virkt samstarf. Dæmi um þetta er fjölskyldusamráð sem veitir foreldrum og börnum möguleika á að taka virkan þátt í að finna leiðir til að bæta aðstæður og umönnun barnsins. Reynsla foreldra af þátttöku í fjölskyldusamráði er jákvæð (Einarsson, 2002; Løfsnæs, 2002.).

Í rannsókn Hollands (2000) kom fram að barnaverndarstarfsmönnum fannst best að vinna með foreldrum sem voru jákvæðir og áhugasamir um lausn mála og áttu auðvelt með að tjá sig. Foreldrum sem sýndu mótþróa og áttu í erfiðleikum með tjáskipti var oft lýst sem neikvæðum og ef börn þeirra höfðu verið vistuð utan heimilis áttu þau minni möguleika á að fá þau til sín aftur.

Fræðimenn hafa bent að þegar fjallað er um hlutverk foreldra í umönnun og við uppeldi barns þá verði samheitið foreldri, fyrir móður og föður, til þess að hin ólíka staða þeirra fær litla athygli. Í stað þess að beina sjónum að *foreldrum* sé réttara að fjalla um móður og föður til þess að þáttur hvors um sig verði skýr og sýnilegur (Daniel, Featherstone, Hooper og Scourfield, 2005). Í barnaverndarstarfi hefur orðið foreldri að miklu leyti þýtt móðir og áherslan hefur verið á hlutverk hennar einnar (Scourfield, 2003). Það er hún sem á að vernda barnið og annast það um leið og hún er í vissu tilliti undir smásjá og eftirliti félagsráðgjafa, en faðirinn er aftur á móti hunsaður í málsmeðferðinni. Margir fræðimenn hafa fjallað um það hve ósýnilegir feður/karlmenn eru í barnaverndinni. Guðrún

Kristinsdóttir (1991) komst að þessu fyrir rúmum 20 árum þegar hún kannaði dagála í barnaverndarmálum. Sárалitlar upplýsingar var að finna um atvinnu feðra, menntun þeirra eða tekjur og oft og tíðum skorti upplýsingar um búsetu föður ef hann bjó ekki á heimili barnsins. Rannsókn Guðrúnar er komin til ára sinna og því mætti ætla að staðan hefði breyst, en margt bendir hins vegar til þess að svo sé ekki og skráning upplýsinga um föður eru enn takmarkaðar (Anna Ingibjörg Opp, 2011; Freydís J. Freysteinsdóttir, 2006; Sigrún Júlíusdóttir, 2002). Þetta er þó ekki eingöngu íslenskt fyrirbæri og t.d. hefur Scourfield (2003) vakið athygli á stöðu feðra í barnaverndarstarfi.

### ***3.3 Samstarf við aðrar stofnanir***

Skólinn er sá vettvangur sem flest börn dvelja á og kennarar og aðrir starfsmenn þekkja börnin vel og finna oft og tíðum hvernig þeim líður eða hvort einhverjar breytingar hafi orðið á högum þeirra.

Barnaverndarlögin leggja áhersla á að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra vinni með öðrum stofnunum sem sinna málefnum barna svo sem skólum. Öllum þessum aðilum er skylt að tilkynna barnaverndarnefnd um barn sem mögulega býr við óviðunandi aðstæður og hafa við hana samstarf og er það t.d. undirstrikað í grunnskólalögum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Barnaverndarnefnd skal meta þörf á samstarfi við aðra sem sinna málefnum barns og eiga frumkvæði að samstarfi í samvinnu við foreldra, m.a. við gerð áætlana (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Fáar rannsóknir eru til um það hvernig samstarfi barnaverndarnefnda við aðrar stofnanir er háttað hér á landi, en barnaverndin hefur verið gagnrýnd fyrir það að veita öðru fagfólki ekki upplýsingar til baka um það hvernig unnið er með málefni barns. Ný rannsókn sýnir að meirihluti skólastjórnenda á landinu óskar eftir nánara samstarfi við barnaverndarnefndir og vill fá frekari upplýsingar frá þeim um málefni einstakra barna (Gerður Sif Stefánsdóttir, 2011). Árið 2011 tóku gildi breytingar á barnaverndarlögum þar sem m.a. var reynt að taka tillit til þessarar gagnrýni og heimildir barnaverndar til að veita upplýsingar um mál barns voru rýmkaðar, en ef það er í óþökk foreldra þarf barnaverndarnefnd að úrskurða um það (Barnaverndarlög nr. 80/2002).



Starfsstöð barnaverndarnefnda er víða staðsett innan félagsþjónustu og stundum er skólaþjónusta, málefni fatlaðra eða fjölskylduþjónusta á sömu skrifstofu. Nálægð fagfólksins er þá mikil og auðvelt að nýta styrkleika og fagþekkingu þessara aðila um leið og meðferð trúnaðar verður vandmeðfarnari. White og Featherstone (2005) benda á að sameiginlegar skrifstofur einar og sér nægi ekki til að tryggja samstarfið og benda á mikilvægi markvissra vinnubragða þar sem hlutverk og verkefni hvers og eins eru skýr. Samkeppni milli ólíkra fagstétta og vanþekking þeirra á gildum og starfssviði hvers annars getur einnig hindrað samstarf (Sloper, 2004). Þverfaglegir fundir um málefni barna eru oft gagnlegir til að tryggja að þeir sem að málinu koma hafi sömu upplýsingar og um aðkomu hvers og eins að stuðningi við barnið. Í þessum tilvikum verður þó að gæta þess að foreldrar og börn sem taka þátt í fundunum haldi reisu sinni en upplifi sig ekki enn valdaminni en ella í hópi allra sérfræðinganna (Jones og Leverett, 2008).

## **4 Rannsóknarsnið og aðferð**

Eins og áður segir var markmið rannsóknarinnar að öðlast meiri skilning og þekkingu á því hvort og þá hvernig félagsráðgjafar nýta áætlun um meðferð máls til að virkja börn og foreldra til þátttöku. Það var m.a. gert með því að ræða við alla þá aðila sem koma að gerð áætlana, þ.e. börn, foreldra og barnaverndarstarfsmenn. Rannsóknarspurningin sem sett var fram var: Hver er þáttur foreldra og barna við gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarmálum?

Við framkvæmd rannsóknarinnar var leitað eftir samstarfi við fimm barnaverndarnefndir sem allar samþykktu að taka þátt. Nefndirnar eru á ólíkum stöðum á landinu og hafa mismarga íbúa á bak við sig auk þess sem skipulag barnaverndarstarfsins var ólíkt. Á fjórum stöðum var barnaverndin staðsett á sama stað og félagsþjónustan, á einum stað sinntu starfsmenn bæði barnaverndarmálum og málum sem tengdust öðrum málaflokkum og á einum stað var eingöngu unnið með barnaverndarmál. Eftir að samþykkt barnaverndarnefndarnefndar lá fyrir var fundað með yfirmanni/starfsmanni barnaverndarmála á öllum stöðunum þar sem efni rannsóknarinnar var kynnt. Leyfi fékkst fyrir fyrsta hluta rannsóknarinnar hjá Persónuvernd auk þess sem tilkynnt var um hina tvo hlutana. Rannsóknin var styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

### **4.1 Aðferð**

Rannsóknin byggðist á gagnarýni skráðra upplýsinga í barnaverndarmálum og viðtölum við barnaverndarstarfsmenn, foreldra og börn sem koma við sögu, og hún skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum voru skoðaðar 50 áætlanir frá nefndunum sem þátt tóku í samstarfinu, þ.e. fimm áætlanir frá þeirri nefnd sem þjónar fæstum íbúum, 10 áætlanir frá þremur nefndum og 15 frá nefndinni sem þjónar flestum íbúum. Um var að ræða fyrstu áætlanir í málum sem unnin voru á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2008. Einn þriðji hluti áætlana átti að fjalla um börn á aldrinum 7–12 ára og 2/3 hlutar þeirra um börn eldri en 12 ára. Nöfn og kennitala voru tekin út, þannig að einu persónuupplýsingar sem rannsakandi hafði var fæðingarár barns og kyn. Þá kom einnig fram hver það var sem skrifaði undir áætlunina, þ.e. barn, móðir

og faðir. Áætlanirnar voru síðan greindar með það í huga að sjá hvort og þá hvernig barn og foreldrar komu að gerð þeirra.

Haustið 2009 var unnið að öðrum hluta rannsóknarinnar. Tekin voru eigindleg viðtöl við fimm barnaverndarstarfsmenn, sem valdir voru af yfirmönnum sínum, um það á hvern hátt unnið væri að því að ná samvinnu við börn og foreldra um gerð áætlana. Í viðtölunum var rætt um vinnubrögð og hugmyndafræði en ekki fjallað um neinar persónugreinandi upplýsingar.

Í þriðja og síðasta hluta rannsóknarinnar voru tekin eigindleg viðtöl við börn og foreldra þar sem rætt var um á hvern hátt þau höfðu tekið þátt í að búa til áætlun um meðferð máls. Leitað var eftir aðstoð sömu fimm barnaverndarnefnda og fjórar þeirra aðstoðuðu við að finna viðmælendur, en hjá fimmtu nefndinni fundust ekki börn eða foreldrar sem voru tilbúin að taka þátt í rannsókninni. Hjá tveimur nefndum voru viðmælendur valdir með tilviljunarkenndu úrtaki, en hjá hinum nefndunum völdu barnaverndarstarfsmenn viðmælendurna. Í öllum tilvikum hafði barnaverndarstarfsmaðurinn fyrst samband við viðmælendur, kynnti rannsóknina og ef samþykki fékkst fyrir þátttöku var rannsakanda sent nafn og símanúmer þátttakenda. Þar sem markmiðið var eingöngu að fjalla um gerð áætlana var rannsakanda ekki kunnugt um ástæður þess að barnaverndarnefnd hafði fjallað um málefni barnsins. Í viðtölunum kom þó fram að ástæður þess voru ólíkar, allt frá því að vera minniháttar, þar sem afskiptin stóðu mjög stutt, og í tilvik þar sem beitt hafði verið þvingun í ákveðnum þætti málsins.

Markmiðið var að ræða við 10 börn á aldrinum 7–18 ára og 10 foreldra. Lögð var áhersla á að máli barnanna hjá barnaverndarnefnd væri lokið.

## **4.2 Úrtakið**

Áætlanirnar sem skoðaðar voru vörðuðu 50 börn. Á einum stað miðast áætlun við afskipti af fjölskyldunni allri þannig að í flestum tilvikum varðaði hver áætlun fleiri en eitt barn. Í þessum tilvikum var fæðingarár þess barns sem fyrst var nefnt skráð.

**Tafla I Aldurskipting barnanna**

Aldur barna	Fjöldi
< 7 ára	3
7–11 ára	15
12–15 ára	13
15–18 ára	19

Barnaverndarstarfsmennirnir sem rætt var við voru á aldrinum 33–58 ára, höfðu unnið í barnavernd frá tveimur og upp í 27 ár, tveir voru félagsráðgjafar og hinir höfðu grunnenntun á sviði félags- og menntavísinda. Fjórir höfðu viðbótarmenntun í barnavernd og/eða fjölskyldumeðferð. Fjögur viðtalanna voru tekin á vinnustað viðmælenda og eitt á skrifstofu rannsakanda. Stuðst var við viðtalsramma um það hvernig áætlunin verður til, hver þáttur foreldra, barns og annarra er í henni, hve langan tíma það tekur að gera áætlun, þekkingu fjölskyldunnar á úrræðum, hvernig metið er, hvort markmið áætlunar hafi náðst og tekin dæmi um áætlun sem hefur tekist vel að mati viðmælenda. Á þennan hátt var leitast við að fá upplýsingar um áherslur og verklag sem viðhaft er við gerð áætlana. Viðtölin voru tekin á tímabilinu 16. nóvember til 10. desember 2009.

Í þriðja hluta rannsóknarinnar var rætt við 11 börn á aldrinum 10–19 ára, 6 stúlkur og 5 drengi. Elsta stúlkan var 19 ára og hafði ekki verið með í úrtakinu en var stödd á heimili foreldris þegar rannsakandi ræddi við foreldri og systkini hennar og var tilbúin að taka þátt í rannsókninni. Viðtölin byggðust á viðtalsramma þar sem spurt var um þekkingu barna á barnavernd, hvort þau hefðu tekið þátt í að búa til áætlun eða hefðu komið með tillögur um stuðning, hvort hlustað hefði verið á tillögur þeirra og hverjar hugmyndir þeirra væru um góðan starfsmann barnaverndar. Viðtölin voru tekin á tímabilinu janúar til mars 2010 á heimili barnanna en þau gátu sjálf valið hvort þau vildu að foreldri væri viðstatt. Allir drengirnir vildu hafa foreldra sína hjá sér og foreldrar voru líka viðstaddir þegar rætt var við tvær yngstu telpurnar.

Viðtölin við foreldrana fóru einnig fram á heimili þeirra. Um var að ræða 10 foreldra úr átta fjölskyldum, sjö mæður og þrjá feður. Í fimm tilvikum var rætt við móðurina eina, í einu viðtali við föðurinn einan og í tveimur tilvikum var rætt við foreldra saman. Viðtalsramminn var svipaður þeim sem notaður var í viðtölum við börnin.

### **4.3 Siðferðileg álitamál**

Rannsakandi hefur unnið að barnavernd í áratugi auk þess að veita leiðsögn í málaflokknum og kenna um hann. Þrátt fyrir þessa reynslu á rannsóknarvinna á svo viðkvæmu sviði sér ætíð siðferðilegar hliðar sem taka þarf afstöðu og tillit til. Þeir einstaklingar, sem áætlanirnar sem skoðaðar voru vörðuðu, vissu ekki af því að rannsakandi hafði fengið þær. Þó að allar persónugreinandi upplýsingar hefðu verið fjarlægðar var ákveðið að leita ekki eftir viðtali við þá einstaklinga. Þannig var reynt að tryggja að börnin og foreldrarnir upplifðu ekki að komið væri aftan að þeim og að rannsakandi hefði upplýsingar um málefni þeirra áður en viðtölin voru tekin.

Rannsakandi þekkti fjóra af þeim fimm barnaverndarstarfsmönnum sem rætt var við gegnum starf og/eða sem kennari þeirra. Það kann að hafa haft áhrif á svör þeirra, t.d. að þeir hafi hneigst til að svara á þann hátt sem þeir héldu að rannsakandinn vildi.

Fyrir mjög marga er það erfið lífsreynsla þegar barnaverndarnefnd hefur afskipti af málefnum barns og það er nær alltaf á þeim tíma þegar fjölskyldan er að takast á við erfiðleika. Það er því ekki sjálfsagt mál að börn og foreldrar vilji rifja þetta tímabil upp með rannsakanda sem þeir hafa aldrei hitt. Þetta á enn frekar við þegar óskað er eftir því að ræða við börnin. Í viðtölunum við börn og foreldra var leitast við að vera vakandi fyrir þeim tilfinningum og því hugarróti sem viðtölin gátu vakið. Eins og áður hefur komið fram völdu mörg barnanna að hafa foreldri sitt hjá sér í viðtalinu. Erfitt er að segja til um hvaða áhrif það hefur haft á frásögn barnanna, en hafa þarf í huga að eingöngu var fjallað um afmarkaðan þátt barnaverndarstarfsins í máli sem var lokið og verið hafði ákveðin samvinna um. Viðvera foreldranna auðveldaði börnunum að fylgja eftir spurningum, vangaveltum eða tilfinningum sem kunna að hafa vaknað hjá þeim eftir að viðtalinu lauk.

## **5 Niðurstöður**

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Hafa ber í huga að barnaverndarstarfsmennirnir sem rætt var við voru fáir, aðeins fimm af rúmlega 100 barnaverndarstarfsmönnum á landinu öllu og þeir voru valdir af yfirmönnum sínum. Það að viðmælendur á tveimur stöðum voru valdir af barnaverndarstarfsmönnum kann að hafa litað frásögn þeirra og afstöðu.

### **5.1 Þekking barna og foreldra á barnavernd**

Börnin höfðu litla þekkingu á barnaverndarnefnd og störfum hennar áður en afskipti af málum þeirra hófust og hugmyndir um barnaverndarstarfið var óljóst og vakti í nokkrum tilvikum hræðslu og óöryggi. Einn ellefu ára drengur lýsti ótta sínum með þessum orðum: „Ég hélt að hún væri bara fyrir einhverja vandræðaunglinga og eitthvað ...“

Drengurinn hafði skilgreint sjálfan sig sem „vandræðaungling“ og fannst það erfitt og hann var dapur þegar hann minntist á það. Ein stúlka sem þekkti til barnaverndar, þar sem afskipti höfðu verið af málum hennar einhverjum árum áður, sagðist hafa orðið hrædd og óörugg því að hún vissi ekki hvað myndi gerast.

Hugmyndir foreldranna um barnaverndarnefnd og störf hennar áður en afskipti hófust af málum barna þeirra voru á margan hátt svipaðar og barnanna og þeir áttu í sumum tilvikum erfitt með að sjá sjálfa sig sem skjólstæðinga barnaverndarnefndar: „Maður sér bara fyrir sér vanrækt börn, fólk, dópista og annað ... bara börn á vergangi.“

### **5.2 Hvernig verður áætlun til?**

Að sögn barnaverndarstarfsmannanna vakna hugmyndir um heppileg stuðningsúrræði fyrir börnin og fjölskyldurnar meðan á könnun máls stendur. Þegar henni er lokið er farið yfir niðurstöðurnar og rætt um þau atriði sem þarf að breyta eða bæta varðandi aðbúnað eða umönnun barnsins. Í framhaldi af þessu er hugað að áætlun. Viðmælendur sögðust útskýra áætlunina fyrir foreldrum sem samning milli foreldra og barns annars vegar og starfsmanns/barnaverndarnefndar hins vegar og nefnt var að foreldrum gefst þá tækifæri til

að „segja sína skoðun“. Áætlunin gefur líka oft ákveðna hugmynd um tímalengd afskipta og það skiptir foreldra máli. Áætlun virðist oft útskýrð fyrir börnum sem orðin eru 12–13 ára eða eldri, en á einfaldari hátt en fyrir foreldrum. Barnaverndarstarfsmennirnir töluðu allir um að leita eftir tillögum frá foreldrum en jafnframt kynna þeir þann stuðning sem unnt er að veita. Þeir nefndu margir að þeir þyrftu að „selja“ foreldrunum úrræðið og að það gengi ekki alltaf vel.

... mér gengur mjög misjafnlega að selja fólki stuðningsúrræði ... það hefur nú oft örugglega eitthvað með sölumanninn að gera, líka bara hvað hann trúir sjálfur á vöruna sem hann er að reyna að selja.

Einn barnaverndarstarfsmaðurinn lagði mikla áherslu á að foreldrar ættu ekki að skrifa undir neitt í áætlun sem þeir væru ekki sáttir við og ekki tilbúnir að taka þátt í. Einnig kváðu starfsmennirnir þá foreldra, sem ekki hefðu reynslu af að vera spurðir álits á þennan hátt, oft verða undrandi á þessum vinnubrögðum: „Þá kemur alveg svona nýtt *look* á fólk ... finnst það vera partur af því sem það er að gera.“

Fjórir foreldrar vissu að gerð hafði verið áætlun í máli barna þeirra og tveir þeirra höfðu komið að gerð hennar. Að þeirra sögn komu tillögur að úrræðum yfirleitt frá félagsráðgjafanum, enda var þekking þeirra á því hvaða úrræði voru í boði takmörkuð og í þeim tilvikum þegar þeir þekktu úrræði, eins og t.d. Stuðla, þá vissu þeir ekki margt um það hvað þar færi fram. Að sögn barnaverndarstarfsmannanna lögðu þeir áherslu á að útskýra úrræðin og hvað í þeim felst, og einn nefndi að það væri t.d. vísað í reglugerð um stuðningsúrræðin og lesið úr þeim. Tveir viðmælendur nefndu að stundum væri erfitt að fá foreldra til að setja sér markmið og þegar reynt væri að fá þá til að skoða úrræði, ýttu þeir ákvörðuninni á undan sér, fyndist ekkert henta eða litu ekki á þá möguleika sem í boði væru. Einnig kemur fyrir að foreldrar lýsa sig samstarfsfúsa, samþykkja tillögur um áætlun en framkvæma síðan ekki það sem fallist var á að gera.

Að öllu jöfnu er áætlunin gerð á einum fundi foreldra með félagsráðgjafa þó að fyrir komi að það taki lengri tíma, t.d. að foreldri fari heim með ákveðna hugmyndir og komi svo aftur til að ganga frá áætluninni. Flestir starfsmennirnir sem rætt var við vildu nota meiri tíma í þessa vinnu en vegna álags og málafjölda yrði aðaláherslan oft á það að fá áætlunina undirritaða og vinnan yrði því rúntínukennd, „svona copy-paste frá hinum ...“.

Tvö þeirra barna sem rætt var við vissu til þess að gerð hafði verið áætlun í máli þeirra en hin vissu aftur á móti ekki hvort gerð hefði verið áætlun og þau ekki tekið þátt í neinu slíku. Að sögn þeirra starfsmanna sem rætt var við takmarkast þátttaka barna í gerð áætlana nokkuð við aldur þeirra. Börn undir 12 ára aldri taka yfirleitt ekki þátt í að búa til áætlun, en barnaverndarstarfsmönnum fannst erfitt að nefna ákveðinn aldur og töldu þroska barnsins skipta mestu máli. Við undirskrift áætlana virðist sömu aldursmörkum fylgt, og á einum stað var lögð á það áhersla að það væri undantekning ef barn sem orðið er 15 ára taki ekki þátt í að búa til áætlun. Oft er rætt við yngri börn og útskýrt fyrir þeim hvað er að gerast án þess þó að þau taki þátt í að búa til áætlun. Helstu ástæður þess að barn skrifar ekki undir áætlun er að sögn starfsmannanna ungur aldur, úrræðin varða eingöngu foreldrana (t.d. áfengismeðferð móður eða föður) og að þegar er búið að ákveða úrræði fyrir barnið, eins og t.d. það að fara á barnageðdeild. Þá fælist ákveðinn hroki í því að ræða slíka ákvörðun þegar barnið hefði ekkert um hana að segja.

### ***5.3 Með hverjum er unnið við gerð áætlunar?***

Að sögn starfsmannanna sem rætt var við er móðir mikilvægasta samstarfsaðilinn í barnaverndarstarfinu og þá einnig þegar kemur að gerð áætlana. „Oftast kemur mamman og þá fer hún heim með áætlunina og maðurinn skrifar undir og hún skilar þessu svo inn.“

Flestir lögðu áhersla á að fá föður líka til samstarfs en þrátt fyrir beiðni til móður um það kemur hann sjaldan á fundi með starfsmönnum. Forsjárforeldri sem barn býr ekki hjá er sjaldan þátttakandi í gerð áætlunar og ekki virðist regla að ræða við það. Þessar áherslur sjást glöggst þegar skoðað er hverjir það eru sem skrifa undir þær 50 áætlanir um meðferð máls sem kannaðar voru.



**Tafla II Hverjir skrifa undir áætlanir**

Móðir	23
Móðir og barn	7
Móðir faðir og barn	4
Móðir og faðir	4
Enginn	3
Barn	2
Faðir og barn	2
Aðrir	2
Faðir	1
Móðir og stjúpfórelldri	1
Faðir og stjúpfórelldri	1

Eins og sjá má skrifar barn undir 15 áætlanir, móðir undir 39 áætlanir og faðir 12. Tólf börn, 15 ára eða eldri, skrifa undir áætlun en sjö börn eldri en 15 ára skrifa ekki undir. Þá er athyglisvert að sjá að tvö börn skrifa undir án þess að foreldrar eða aðrir forsjáraðilar skrifi undir með þeim.

Þegar starfsmenn voru spurðir um þátttöku annarra var nefnt að stundum væru afi og/eða amma kölluð til við gerð áætlana. Einn viðmælandi nefndi dæmi þess að aðkoma ömmu að áætlun hefði skipt sköpum um farsæla úrlausn máls.

Í þeim áætlunum sem skoðaðar voru var nær undantekningalaust gert ráð fyrir ákveðnum aðgerðum eða verkefnum sem tengdust skóla. Það gat varðað skólasókn, stundvísi eða beinan stuðning við barnið og eftirlit með því. Samstarfið er ólíkt milli staða, barnaverndarstarfsmenn sitja oft fundi í skólanum og þá koma málefni einstakra barna til umræðu. „Skólinn er oft með upplýsingar sem aldrei koma til okkar [barnaverndarstarfsmanna].“

Foreldrar virðast ekki alltaf vita af þessum fundum. Á öðrum stað kom fram að áætlun væri búin til í samvinnu við foreldri en skólinn síðan látinn vita um þau atriði sem tengdust honum eða þau verkefni sem starfsmönnum hans væri ætlað að leysa. Á einum stað hafði barnaverndarstarfsmaður í auknum mæli fengið skólann með í áætlunargerð þar sem vandi barnsins tengdist skólanum.

Ég held að þeir [starfsmenn skólanna] séu fegnir að fá að vera með, af því að það er náttúrulega alltaf þessar sífelldu kvartanir yfir því að fá ekki að vera með og vita ekki hvað er að gerast. Mér finnst það bara svo miklu auðveldara.

Að mati starfsmannsins var skólinn þá tilbúinn að leggja meira af mörkum en ella og þótt foreldrum og barni þætti slíkt samstarf stundum erfitt í upphafi væri útkoman yfirleitt jákvæð. Á öðrum stað var nefnt að skólunum væri „aldrei hleypt í áætlanir“ þó svo að samstarf við þá væri mikið. Þá kemur fyrir að gerður er samningur við skóla um hlutverk hans í stuðningi við barnið, og þessi samningur hafður sem fylgiskjal við áætlun sem unnin er með barni og fjölskyldu.

Börnin sem rætt var við vissu yfirleitt ekki að fengnar hefðu verið upplýsingar úr skóla. Þó voru hér tvær undantekningar (elstu þátttakendurnir):

Já, ég held það voru einhverjir [fundir], ég held það voru kannski einn eða tveir eða eitthvað en þá var bara talað um hvað ég var slæm í skólanum, það var ekkert talað um eitthvað að breyta því sko.

Foreldrarnir voru hins vegar allir sáttir við að leitað hefði verið eftir upplýsingum úr skólanum og vildu í nokkrum tilvikum að samstarfið milli barnaverndarnefndar og skólans hefði verið meira, t.d. að hægt hefði verið að styðja barnið betur eða fylgjast með líðan þess. Eitt foreldri hafði farið á fund í skólanum ásamt börnum sínum og barnaverndarstarfsmanni og taldi það hafa verið jákvætt. Þó voru ekki allir foreldrar á því að þeir hefðu viljað fara á slíkan fund í skólanum

Nei, veistu það, eiginlega ekki, mér finnst bara ágætt að þetta sé bara allt í sitt hvoru lagi ... ég held að þegar foreldrar eru til staðar þá þorir þú ekkert, það verður bara allt öðruvísi.

## **5.4 Áætlanirnar**

Þegar áætlanirnar sjálfar voru skoðaðar kom í ljós að á flestum stöðum eru notuð sérhönnuð eyðublöð sem byggjast að mestu leyti á ákvæðum laga um hvað eigi að vera í áætlun. Ekki er þó gert ráð fyrir að niðurstaða könnunar sé skráð á eyðublaðið nema á einum stað og hvergi reitur þar sem hægt er að skrá hlutverk annarra svo sem skóla. Á öllum stöðunum var reitur fyrir undirskrift móður, föður og barnaverndarstarfsmanns en ekki endilega gert ráð fyrir undirskrift barns. Í reglugerð um meðferð máls kemur fram að gera skuli eina áætlun fyrir

hvert barn en á einum stað var gerð ein áætlun fyrir öll börnin í fjölskyldunni þannig að erfitt var að sjá hver vandi eða stuðningur hvers barns væri. Orðalagið í áætluninum var þó með ýmsu móti eins og við er að búast. Í sumum tilvikum eru fyrirhugaðar stuðningsaðgerðir tíundaðar og ábyrgðaraðili á hverjum þætti, en annar staðar er það mjög almennt, svo að erfitt getur verið að átta sig á hver vandinn er eða að hverju eigi að stefna.

... markmið áætlunar er að styðja móður í uppeldishlutverki sínu og vinna að því með henni að bæta aðstæður á heimili fjölskyldunnar.

Í nokkrum tilvikum gaf orðalagið til kynna ákveðið vald eins og þetta: „... ef samningur þessi verður rofinn verður áætlun þessi þegar tekin til endurskoðunar“ eða að málsaðilum bæri að „sýna öllum starfsmönnum barnaverndarnefndar ... samstarfsvilja“.

Valdið lýsir sér líka í texta sem virðist vera fastur hluti af áætluninni á tveimur stöðum um það að starfsmönnum barnaverndarnefndar sé heimilt að ræða við aðra viðeigandi aðila sem koma að málefnum barnsins án þess að nefnt sé sérstaklega við hvaða sérfræðinga er átt eða um hvað eigi að ræða.

## **5.5 Mat á áætlun og lok mála**

Þegar meta á hvort markmið áætlunar hafi náðst virðist að sögn barnaverndarstarfsmanna algengast að ræða við barn og foreldra til að fá mat þeirra á því sem hefur breyst. Einnig eru fengnar skýrslur frá stofnunum eða einstaklingum sem hafa veitt stuðning eða haldnir fundir með þessum aðilum ásamt foreldri og stundum barni. Nokkrir barnaverndarstarfsmenn höfðu áhyggjur af því að matið væri ómarkvisst og að þörf væri á að setja skýrari og fyrirfram ákveðin mælitæki á það hvað telja bæri árangur. Matið virðist fyrst og fremst vera gert með stöðu barnsins í huga, en fram kom að það gæti verið snúið, t.d. í „kaótískum fjölskyldum“. Ef ágreiningur rís um árangur er annaðhvort gerð ný áætlun eða að barnaverndarstarfsmenn kynna málið fyrir barnaverndarnefnd, þar sem foreldrar, og eftir atvikum barn, geta mætt og lýst sjónarmiðum sínum. Fyrir kemur að málum er lokað þó svo að barnaverndarstarfsmenn telji þörf á frekari stuðningi.

Stundum er þetta náttúrulega alveg á mörkunum, þetta er ekki alveg 100 prósent. Maður verður að taka mið af styrkleika fjölskyldunnar og hvernig hlutirnir eru, kannski hefur aldrei neitt verið 100 prósent.

Þau börn og þeir foreldrar sem rætt var við höfðu hins vegar ekki reynslu af því að áætlun í máli þeirra hefði verið metin eða mat lagt á þann stuðning sem veittur hafði verið, enda vissu fá barnanna til þess að gerð hefði verið áætlun eins og áður hefur komið fram. Einn unglingur sem dvalið hafði á meðferðarheimili sagði að mat hefði verið lagt á dvölinu og árangurinn þar.

Ekki voru allir foreldrarnir sáttir við að málum barna þeirra hefði lokið og afskiptum hætt. Þannig vildu fjórir foreldrar að barn þeirra hefði fengið frekari stuðning og töldu að sá stuðningur sem veittur var hefði ekki verið nægur. Greinilegt var að stuðningur félagsráðgjafans skipti máli og veitti í sumum tilvikum ákveðið öryggi. „Ég var ekki sátt við að hann [barnaverndarstarfsmaðurinn] sagði mér upp.“ Annað foreldri mat það mikils að geta hringt í félagsráðgjafann þó svo að málinu væri lokið og leitað ráða hjá honum.

## **5.6 Annað**

Hér verður gerð grein fyrir atriðum sem fram komu í viðtölunum og ástæða þykir til að draga fram.

### **5.6.1 Systkini**

Þrjú barnanna sem rætt var við voru systkini. Reynsla þeirra af afskiptum barnaverndarnefndar var mjög ólík og afstaða þeirra til aðgerða sem gripið var til sömuleiðis. Barnaverndarstarfsmaður hafði talað við yngri börnin tvö en ekkert hafði verið rætt við unglinginn, sem tók að sér það hlutverk að verða málsvari foreldris þar sem honum fannst foreldri sínu standa ákveðin ógn af starfsmanninum. Í öðru tilviki voru tvö systkini á svipuðum aldri. Í frásögnum sínum lýstu þau aðkomu félagsráðgjafans á mismunandi hátt og þó að þau hefðu greinilega haft ákveðinn stuðning hvort af öðru var upplifun þeirra ólík.

### **5.6.2 Ánægja foreldra með barnaverndarstarfsmann**

Langflestir foreldrarnir voru sáttir við það hvernig unnið hafði verið að málum þeirra en þó kom fram að þeir hefðu viljað öðruvísi eða meiri samskipti. Ein móðir lét í ljósi talsvert óöryggi um hvað mætti gera og hvað ekki í samskiptum við barnavernd og spurningar rannsakanda um það hvort hún hefði komið með tillögur að stuðningi eða öðru komu mjög á óvart.

Ég hélt bara að það sem að þeir bjóða upp á [hugmyndir að úrræðum] og það er bara það. Það hefur aldrei hvarflað að mér að það væri hægt að koma með hugmyndir eða segja að ég mundi vilja hafa þetta svona, ég hafði ekki hugmynd um það ...

Einu samskipti annarrar móður, sem búið hafði við heimilisofbeldi, við barnaverndarnefnd var að fá tilboð um að leita eftir aðstoð ef henni þætti ástæða til. Hún taldi að betra hefði verið að vera boðuð í viðtal því það væri erfitt að eiga frumkvæði að því að leita eftir aðstoð þar. Hún hefði einnig viljað að rætt hefði verið við börnin um þeirra reynslu, „... það hefði verið gott, þú veist, það er oft betra að tala við ókunnuga“.

Í tveimur öðrum tilvikum töluðu foreldrar einnig um að þörf hefði verið á að tala við systkini barnsins sem barnaverndarnefnd var að fjalla um og nefndu að þegar unglingur á heimili sýnir áhættu hegðun þá hefur það áhrif á alla á heimilinu, líka yngri systkini. Þetta atriði var einnig nefnt í tilviki þar sem unglingur hafði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi nákomins ættingja, nokkuð sem hafði mikil áhrif á alla fjölskyldumeðlimi og foreldrar höfðu áhyggjur af því að hafa ekki nægilegan tíma til að sinna þörfum allra barnanna.

### ***5.6.3 Hvernig á barnaverndarstarfsmaður að vera?***

Börnin höfðu öll ákveðnar og talsvert samræmdar hugmyndir um það hvernig góður barnaverndarstarfsmaður ætti að vera, þ.e. að vera kurteis, góð manneskja og hlusta á það sem börnin hefðu að segja. Eitt barnanna lagði áherslu á það að ekki væri nóg að hlusta, barnaverndarstarfsmaðurinn yrði líka að framkvæma.

Hann hlustar á skoðanir manns og hann tekur bara tillit til manns, talar við mann eins og manneskju, ekki einhvern lítinn krakka og sendir mann bara eitthvað í burtu.

Foreldrarnir voru sammála börnunum um það hvernig góður barnaverndarstarfsmaður ætti að vera. Hann þarf að hlusta, geta sett sig í spor annarra, vera hlýr og hreinskilinn auk þess að geta gefið góðar leiðbeiningar og ráð og byggja á menntun og faglegri þekkingu.

#### **5.6.4 Hvaða þættir skipta máli?**

Þegar rætt var við barnaverndarstarfsmennina þá voru þeir beðnir um að lýsa máli, þar sem áætlun hefði gengið vel og fjalla um atriði sem höfðu áhrif á það. Í frásögnum þeirra komu fram ýmsir sameiginlegir þættir sem virtust hafa haft áhrif á hvers vegna málin gengu vel. Það að geta skapað traust skipti að þeirra mati meginmáli og til þess að það gerðist urðu málin að fá að taka tíma og skilaboð urðu að vera skýr. Þetta tengist öðru atriði sem nefnt var, það er að taka lítil skref í einu, ætla ekki viðkomandi að takast á við of mörg verkefni í einu þannig að hann fengi trú á að hann réði við verkefnið, „... þau fóru að treysta og þau fóru að hafa trú á því að þetta gæti hugsanlega gengið upp“.

Annað atriði sem nefnt var snerist um nauðsyn þess að þeir sem að málinu koma vinni saman og var þar sérstaklega minnst á skólann:

Ég er ekki farin að sjá að þetta hefði unnist svona með því að ég hefði hitt hana [móðurina] hérna, þó ég hefði hitt hana vikulega og farið svo ein á fund upp í skóla ... þú veist ...

Styrkleiki, jákvætt viðmót og sjarmi í fjölskyldunni skipti barnaverndarstarfsmennina máli og það að finna að viðkomandi manneskja var tilbúin til samstarfs, „... þetta var alveg yndisleg móðir sem fékk alltaf stjórnur í augun þegar hún talaði um börnin sín“. Þeim fannst ánægjulegt að tala um mál þeirra barna sem gekk vel, en nokkrir lýstu einnig ákveðnu samviskubiti vegna þessara mála og veltu fyrir sér hvort þeir hefðu eytt „of miklum tíma“ í þau.

## 6 Umræða og ályktanir

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast meiri skilning og þekkingu á því hvort og þá hvernig áætlun um meðferð máls nýtist sem tæki til að virkja barnið og foreldra til þátttöku og hvernig samvinnan er í raun út frá sjónarhorni þeirra sem að henni koma. Niðurstöðurnar sýna m.a. að félagsráðgjafar innan barnaverndar vilja vinna við gerð áætlana í samvinnu við börn og foreldra en börnum og foreldrum finnst þau ekki koma að þessari vinnu.

Sú mynd sem bæði börn og foreldrar höfðu af barnaverndarnefnd áður en afskipti hófust af málefnum barnanna var fremur óljós og hugmyndirnar neikvæðar. Það leiddi jafnframt til þess að þeim fannst erfitt að samsama sig þeim hópum sem þau töldu þurfa aðstoð barnaverndaryfirvalda svo sem „vandræðaunglingum“ og „óreglufólki“.

Í barnaverndarlögum er gert ráð fyrir að barnaverndarstarf fari fram eftir ákveðnum stigum sem þýðir að tekið er við tilkynningu, hún metin, ákvörðun tekin um hvort eigi að kanna mál eða ekki, málið kannað, gerð greinargerð og síðan áætlun um stuðning. Í viðtölum við barnaverndarstarfsmennina kom hins vegar fram að skilin á milli könnunar og áætlunar er oft og tíðum óljós, hugmyndir að stuðningsúrræðum verða til meðan á könnun stendur. Ekki var kannað sérstaklega hvort greinargerð hafði verið skrifuð að lokinni könnun í þeim málum þar sem áætlunir voru skoðaðar en á þeim eyðublöðum sem notuð voru til að semja áætlun var aðeins á einum stað gert ráð fyrir að niðurstaða könnunar væri skráð. Athyglisvert væri að skoða hvort almennt séu gerðar greinargerðir að lokinni könnun, sem börn og foreldrar geta þá fengið í hendur og í framhaldi af því tekið þátt í að gera áætlun með það að markmiði að takast á við þann vanda sem niðurstöður könnunar hafa leitt til. Ef ekki eru sett ákveðin kaflaskil á milli hinna ólíku stiga í vinnslu málsins er hætt við að yfirsýnin glatist, að vandinn sem talinn er vera til staðar verði óljós og stuðningsúrræðin því ómarkviss.

Athyglisvert var að sjá hve margir barnaverndarstarfsmenn notuðu hugtök sem minntu á verslun þegar þeir töluðu um þau úrræði sem í boði væru fyrir börn og foreldra og töldu sig þurfa að vera góða sölumenn eða að tala þannig um úrræðið að það tækist „að selja“ það foreldrum.

Í viðtölum við barnaverndarstarfsmennina kom fram að sumir foreldra eiga erfitt með að setja sér markmið og veigra sér við að taka afstöðu til úrræða. Á þessu kunna að vera

margar skýringar. Ef til vill eru sumir foreldrar ekki vanir því að opinberir aðilar vilji heyra sjónarmið þeirra og taka tillit til þeirra, þeir kunna að vera hræddir um að félagsráðgjafarnir séu þeim ósammála eða hafa lélegt sjálfstraust sem leiðir til þess að þeir óttast það að takast á við verkefni. Einnig var nefnt að fyrir kæmi að foreldrar lýstu sig samþykka öllu því sem lagt var til í áætlun, en þegar til átti að taka framkvæmdu þeir ekkert af því sem ráðgert var. Þetta undirstrikar hversu flókið það getur verið að vera í raunverulegu samstarfi og hve mjög félagsráðgjafinn þarf að leggja sig fram við að tryggja að foreldri sé í raun tilbúið að takast á við verkefnið á þann hátt sem lagt er til. Dæmi um aðferð til að virkja foreldra í raun var einnig nefnt þar sem lögð var áhersla á að foreldri ætti ekki að skrifa undir neitt sem það væri ekki sammála.

Foreldrar þekktu almennt lítið til þeirra stuðningsúrræða sem barnaverndarnefnd hefur og þeir, sem þekktu t.d. meðferðarheimili eins og til dæmis Stuðla, vissu lítið um hvað þar færi fram. Tillögur að mögulegum úrræðum komu frá félagsráðgjöfunum sem lýstu því í hverju þau fælust. Barnaverndarstarfsmennirnir lögðu allir áherslu á að kynna úrræði sem til eru fyrir foreldrum og einn viðmælandi nefndi að m.a. væri lesið fyrir foreldra úr reglugerð þannig að þeir gætu áttað sig á í hverju úrræðið fælist. Sú skoðun kom einnig fram að erfitt gæti verið að leita eftir hugmyndum frá foreldrum því að úrræðin sem þeim stæðu til boða væru takmörkuð, „úrræðin, þau eru ekki mjög fjölbreytt, það er ekkert einhver sko listi sem þau geta valið úr“.

Eins og áður hefur komið fram er ein forsenda samvinnu í barnaverndarmálum sú að bæði börn og foreldrar þekki vel til starfa barnaverndarnefnda og viti hvaða hjálp er í boði. Greinilegt er því að félagsráðgjafar innan barnaverndar þurfa að leggja mun meiri áherslu á að kynna starf sitt, bæði almennt, en líka í hvert sinn sem hann kynnist nýrri fjölskyldu. Einn liður í þessu gæti verið að hafa góðar og skýrar upplýsingar aðgengilegar á Netinu sem einnig væri hægt að prenta út og afhenda foreldrum. Upplýsingarnar yrðu líka að miðast við börnin svo að þau geti fengið svör við einhverjum af þeim spurningum sem á þeim brenna. Hluti af þessum upplýsingum gæti verið sameiginlegur öllum barnaverndarnefndum en síðan yrði hver einstök nefnd að laga þær að sínum aðstæðum og fjalla sérstaklega um það hvaða úrræði eru til staðar í viðkomandi sveitarfélagi. Þessar upplýsingar koma þó aldrei í staðinn fyrir þau samtöl sem verða að eiga sér stað um það hvað felist í afskiptum barnaverndarnefndar, hvað muni gerast næst og hvernig er unnið. Slíkt samtal þjónar



jafnframt því hlutverki að leggja grunn að trausti og virðingu sem er forsenda samstarfs, og ábyrgð félagsráðgjafans því mikil þegar leggja skal þennan grunn.

Ýmsar spurningar vöknudu þegar kannað var hverjir höfðu skrifað undir þær 50 áætlanir sem skoðaðar voru. Undirskrift á skjali eins og áætlun getur gegnt margs konar hlutverki. Í henni felst ákveðin skuldbinding og hún getur verið merki þess að aðilar hafi komist að einhverjum sameiginlegum niðurstöðum. Undirskriftin merkir líka að sú manneskja sem ritar nafn sitt á blað er tekin alvarlega. Í þessari rannsókn skrifuðu 12 börn sem orðin voru 15 ára undir áætlun en sjö börn á þessum aldri skrifuðu ekki undir. Ástæður þess kunna að vera margvíslegar en vekja engu að síður spurningu um þátttöku barna á þessu stigi máls. Í einhverjum tilvikum kann að vera að félagsráðgjafi hafi talað við barn áður en gengið var frá áætlun, en spyrja má hvers vegna 16 ára barn sem samkvæmt áætlun á að fara í sálfræðimat skrifar ekki sjálf undir áætlun. Barnaverndarstarfsmennirnir töldu að börn væru of sjaldan þátttakendur í gerð áætlana en ákveðið óöryggi virtist ríkja varðandi það að virkja börnin. Þegar þeir voru spurðir að því hvers vegna börnin tækju ekki þátt í því að gera áætlun sögðu þeir ástæðuna vera ungan aldur þeirra, að úrræðin sem gripið væri til vörðuðu aðeins foreldrana (t.d. áfengismeðferð móður eða föður) og að fyrir kæmi að þegar væri búið að ákveða úrræði fyrir barnið og það hefði ekkert um það að segja. Starfsmenn nefndu einnig að oft væri rætt við börnin um aðstæður þeirra og hvað væri að gerast í lífi fjölskyldunnar en þau ekki virkjuð til samstarfs á annan hátt.

Athyglisvert var einnig að sjá að á einum stað skrifuðu tvö börn ein undir áætlanirnar án þess að undirskrift foreldra/foreldris væri þar líka. Velta má því fyrir sér hvort í þeim tilvikum hafi hin mikla áhersla sem lögð var á samstarfið við barnið orðið til þess að ábyrgð foreldranna hafi orðið að engu, en það er í andstöðu við ákvæði laga um rétt barna til að njóta verndar og umönnunar foreldra sinna.

Niðurstöðurnar benda til þess að ekki sé unnið markvisst að því að fá barn til þátttöku, en lögð sé áhersla á að leita eftir sjónarmiðum unglinga. Með því að miða við 12 ára aldur er trúlega verið að túlka lagaákvæði um þátttöku barns þröngt og þá horft framhjá mikilvægi þess að virkja yngri börn á einhvern hátt. Með breytingum á barnaverndarlögum nr. 80/2002, sem gerðar voru árið 2011, voru þessi aldursmörk úr sögunni og krafan til félagsráðgjafanna um að virkja börn er nú miklu skýrari en áður.

Í öllum gögnum rannsóknarinnar kom skýrt fram að höfuðáherslan á samvinnu er við móður. Henni er ætlað að vernda barnið, styðja það og iðulega að vera tengiliður barnaverndarstarfsmannsins við föður. Mæðurnar skrifuðu undir 78% áætlana og það eru þær sem í flestum tilvikum hitta barnaverndarstarfsmennina. Þessi staðreynd beinir sjónum að hlutverki feðranna. Starfsmennirnir nefndu að nær aldrei væri haft samstarf við föður sem ekki fer með forsjá barns þegar unnið væri að áætlun. Oft og tíðum er reynt að ná samstarfi við föður sem býr með barninu en það virðist gjarnan gerast á þann hátt að móðir er beðin um að fá hann til að koma á fund eða að móðir fer heim með áætlun sem gerð hefur verið og faðirinn undirritar hana þar. Í þeim áætlunum sem skoðaðar voru skrifuðu 12 feður undir áætlun. Þetta er umhugsunarvert þar sem feður gegna oft stóru hlutverki í lífi barna sinna. Í sumum tilvikum er hluti vandans tengdur föðurnum og mikilvægt er að hann taki þátt í þeim aðgerðum og stuðningi sem stefnt er að til að breyta aðstæðum barnanna um leið og öryggi þeirra er tryggt. Miklu skiptir að staða feðra í barnaverndarmálum verði skýrari og að skoðað verði á hvern hátt hann geti best sinnt uppeldishlutverki sínu.

Í öllum þeim áætlunum, sem skoðaðar voru og vörðuð börn á skólaaldri, hafði skólinn eitthvert hlutverk og í samtölum við barnaverndarstarfsmennina lögðu þeir áherslu á að starfsmenn skóla hefðu stóru hlutverki að gegna í stuðningi við börnin. Þrátt fyrir þetta virðast starfsmenn skóla sjaldan koma að gerð áætlana. Einn barnaverndarstarfsmaður hafði þó reynslu af því að vinna hluta af áætlun með skólafólki og taldi hana góða. Í ársskýrslu Barnaverndarstofu árið 2009 sést að tæplega 3% tilkynninga tengjast erfiðleikum barns í skóla (Barnaverndarstofa, 2011) auk þess sem mörg þeirra barna sem búið hafa við vanrækslu og ofbeldi hafa átt erfitt með að einbeita sér að námi. Það að huga vel að stöðu barns í skóla við könnun mála skiptir því miklu máli og í framhaldi af því hlýtur að teljast æskilegt að unnið sé með starfsmönnum skóla og skólafélagsráðgjöfum að áætlun um það á hvern hátt skólinn geti stutt við barnið og aðstoðað það frekar.

Það sem einkenndi orðalag flestra þeirra áætlana sem skoðaðar voru var annars vegar almennt og óljóst orðalag og hins vegar nokkur forsjárhyggja. Ef félagsráðgjafi ætlar að vinna með foreldri og barni að ákveðnu markmiði er lykilatriði að áætlunin sé orðuð á þann hátt að allir sem að henni koma skilji efni hennar á sama hátt. Einnig þarf að koma fram á hvern hátt meta eigi árangur og sátt þarf að ríkja um það hvað teljast eigi árangur. Dæmi um það getur verið barn sem nær aldrei hefur mætt í skóla. Er markmiðið þá að skólasókn

barnsins verði 100% á ákveðnu tímabili eða telst það árangur ef barnið mætir í 80% tíma? Með það í huga að áætlunin er gerð í raunverulegri samvinnu þarf orðalagið líka að lýsa gagnkvæmni og samvinnu í stað þess að litast af fyrirskipunum og valdboði.

Í viðtölum við barnaverndarstarfsmennina kom fram það álit að foreldrar vildu helst að afskiptum yrði lokið sem fyrst og vildu yfirleitt ekki vera í samskiptum við barnaverndarnefndir. Í viðtölum við foreldra kom hins vegar fram að þeir voru ekki í öllum tilvikum sáttir við að barnaverndarnefnd hætti afskiptum af börnum þeirra. Helstu ástæður þess voru annars vegar þær að þeir töldu barnið þurfa aðstoð í lengri tíma og hins vegar að fleiri börn í fjölskyldunni hefðu þurft að njóta stuðnings barnaverndarnefndar. Í þessu sambandi má velta því fyrir sér hvort félagsráðgjafarnir séu í sumum tilvikum of ákafir við að loka málum vegna þess að þeir haldi að það sé vilji fjölskyldunnar eða þá að mat á árangri sé ekki nægilega skýrt þannig að foreldrar og börn hafi ekki fengið tækifæri til að setja fram óskir um frekari stuðning. Einnig má spyrja hvort krafa yfirmanna um skilvirkni og hraða hindri það að félagsráðgjafar geti gefið hverri fjölskyldu þann tíma sem nauðsynlegur er. Flestir foreldrar nefndu þó að þeim hefði verði boðið að hafa aftur samband við barnaverndarstarfsmanninn ef þeir teldu ástæðu til og mátu þeir það mikils.

Svör barna og foreldra í þessari rannsókn um það hvernig góður barnaverndarstarfsmaður eigi að vera eru samhljóða mörgum erlendum rannsóknum. Lögð er áhersla á það samband sem myndast, hæfni barnaverndarstarfsmannsins til að hlusta á það sem sagt er, úrskýra hvað er að gerast, vera hreinskilinn og hafa nauðsynlega þekkingu á málaflokknum. Hér er um mikilvæg skilaboð til barnaverndarstarfsmanna að ræða sem taka þarf tillit til í starfi.

Niðurstöðurnar í rannsókninni um þátttöku barna og foreldra í gerð áætlana sýna að vinnubrögðum starfsmanna má breyta á ýmsan hátt. Barnaverndarstarfsmennirnir sem rætt var við lögðu allir áherslu á að þeir vildu vinna með foreldrum að gerð áætlana en til þess að svo verði þurfi stefna stofnunarinnar að vera skýr. Það gildir einnig um samstarfið við börnin þar sem félagsráðgjafar þurfa að fá þjálfun í að vinna út frá barnasjónarhorninu. Víða innan félagsþjónustu hefur áhersla verið á notendamiðaða þjónustu með áherslu á samráð. Innan barnaverndar hefur þessi áhersla ekki verið áberandi, nema að því leyti sem túlka má af lögum. Áhugavert væri að skoða frekar hvernig nýta má hugmyndafræði notendasamráðs í barnaverndarstarfi og laga hana að þeim takmörkunum sem barnverndarlögin setja.

Barnasjónarhornið þarf einnig að verða skýrara þar sem litið er á börnin sem raunverulega þátttakendur. Önnur atriði sem huga þarf sérstaklega að er að skoða fjölskylduna sem eina heild, þ.e. að skoða stöðu allra barna í fjölskyldu þegar um afskipti er að ræða og meta þörf hvers og eins fyrir aðstoð ásamt því að meta stöðu föður og þáttar hans í að bæta aðstæður barnsins. Samstarfið verður stundum einnig að ná út fyrir nánustu fjölskyldu barnsins. Má þar t.d. nefna starfsmenn skóla sem þekkja stöðu barnsins hvað nám og félagslíf snertir og hafa oft möguleika á að veita því frekari aðstoð og stuðning. Til þess að svo megi verða þurfa þeir að þekkja þá þætti í lífi barnsins sem skólann varða.

Áskoranir í barnaverndarstarfi eru fjölmargar. Mikilvægt er að félagsráðgjafar og annað fagfólk eigi möguleika á reglulegri endurmenntun og handleiðslu. Jafnframt þarf að taka mið af því að það að vinna að breytingarstarfi með börnum og fjölskyldum þeirra tekur tíma. Viðunandi árangur næst tæplega nema veitt sé svigrún til að skapa það traust sem nauðsynlegt er til að skapa góða samvinnu.

## Heimildir

*Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi nr. 10/1979.*

Anna Ingibjörg Opp. (2011). *Stuðningsfjölskyldur í Reykjavík. Umfang, markmið, framkvæmd og málalok.* Óbirt lokaverkefni til MA-gráðu í félagsráðgjöf. Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild.

Anni G. Haugen. (2004). *Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið: Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn.* Reykjavík: Barnaverndarstofa. Ritröð 1.

Anni G. Haugen. (2009). Samvinna við gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarstarfi. Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 21–29). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Anni G. Haugen. (2011). Er barnaverndinni treystandi? *Tímarit félagsráðgjafa*, 5(1).

Backe-Hansen, E. (2001). Profesjonell kunnskap i brukernes tjeneste? Í Mona Sandbæk (ritstj.), *Fra mottaker til aktør: Brukerens plass i praktisk sosialt arbeid og forskning* (bls. 195–210). Oslo: Gyldendal Akademisk.

*Barnaverndarlög nr. 80/2002.*

Barnaverndarstofa (e.d.). *Handbók.* Sótt 15. september 2011 á <http://www.bvs.is/?m=1&ser=275>

Barnaverndarstofa (2011). *Ársskýrsla 2008–2009.* Sótt 15. september 2011 á <http://bvs.is/files/file920.pdf>.

Buckley, H., Carr, N. og Whelan, S. (2011). Like walking on eggshells: Service users views and expectations of the child protection system. *Child and Family Social Work*, 16, 101–110.

Capacent Gallup. (2008). Reykjavíkurborg: Barnavernd Reykjavíkur. Þjónustukönnun. Sótt 29. desember 2010 á [http://www.reykjavik.is/Portaldatal/1/Resources/velferdarsvid/ran\\_soknir\\_kannanir/thjonustukonnun\\_barnavernd\\_2008.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldatal/1/Resources/velferdarsvid/ran_soknir_kannanir/thjonustukonnun_barnavernd_2008.pdf).

- Daniel, B., Featherstone, B., Hooper, C.-A. og Schourfield, J. (2005). Why gender matters for every child matters. *British Journal of Social Work*, 35, 1343–1355.
- Davis, P. (2009). The impact of a child protection investigation: A personal reflective account. *Child & Family Social Work*, 16, 201–209.
- Dumbrill, G.C. (2006) Parental experience of child protection intervention: A qualitative study. *Child Abuse & Neglect*, 30, 17–37.
- Egelund, T., Skovbo Christensen, P., Böcker Jakobsen, T., Jensen, T. og Fuglsang Olsen, R. (2009). *Anbragte børn og unge: En forskningsoversigt*. København: Det nationale forskningscenter for velfærd. 09:24.
- Egelund, T. og Thomsen, S.A. (2002). *Tærskler for anbringelse: En vignetundersøgelse om socialforvaltningens vurderinger i børnesager*. København: Socialforskningsinstituttet. 02:13.
- Einarsson, J.H. (2002). *Familieråd som metode i barnevernets beslutningsproces*. Oslo: Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring. 9/02.
- Fauske, H., Lichtwarck, W., Marthinsen, E., Willumsen, E., Clifford, G. og Kojan, B.H. (2009). *Det nye barnevernet et forsknings og utviklingsprosjekt i Barnevernet: Barnevernet på ny kurs. NF-rapport nr. 8/2009*. Bodø: Nordlands Forskning.
- Fern, E. (2008). *The implications of how social workers conceptualise childhood, for developing child-directed practice: An action research study in Iceland*. Óbirt doktorsritgerð: Háskólinn í Warwick. Sótt 12. júlí 2011 á [http://wrap.warwick.ac.uk/2225/1/WRAP\\_THESIS\\_Fern\\_2008.pdf](http://wrap.warwick.ac.uk/2225/1/WRAP_THESIS_Fern_2008.pdf).
- Forrester, D., Kershaw, S., Moss, H. og Huges, L. (2008). Communication skills in child protection: How do social workers talk to parents? *Child and Family Social Work*, 13, 41–51.
- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2006). Barnaverndartilkynningar er varða ofbeldi milli foreldra. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII: Félagsvísindadeild* (bls. 189–200). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Gerður Sif Stefánsdóttir. (2011). *Samstarf barnaverndarnefnda og grunnskóla: Sjónarhorn skólastjórnenda*. Óbirt lokaverkefni til MA-gráðu í félagsráðgjöf. Háskóli Íslands, Félagssráðgjafardeild.
- Guðbjörg Gréta Steinsdóttir. (2011). *Ungt fólk sem Barnavernd Kópavogs hafði afskipti af á unglingsárum: Félagsleg staða, stuðningur og viðhorf til afskipta*. Óbirt lokaverkefni til MA-gráðu í félagsráðgjöf. Háskóli Íslands, Félagssráðgjafardeild.
- Guðrún Kristinsdóttir. (1991). *Child welfare and professionalization*. Umeå: University of Umeå.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2004). *Ég hef verið mjög sátt við að vera í fóstri en ... Um reynslu ungs fólks af fóstri*. Ritroð 2. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Halldór Sigurður Guðmundsson. (2005). *Hegðun, líðan og félagslegar aðstæður 11–18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi: Sjónarhorn barna, foreldra, kennara og starfsfólks barnaverndar*. Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Heggem Kojan, B. (2011). *Klasseblikk på et barnevern i vekst*. Trondheim: Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet.
- Hervör Alma Árnadóttir. (2006). *Vill einhver hlusta á mig? Rannsókn á fjölskyldusamráði frá sjónarhorni barnsins*. Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Holland, S. (2000). The assessment relationship: Interactions between social workers and parents in child protection assessments. *British Journal of Social Work*, 30, 149–164.
- Holland, S. og Scourfield, J. (2004). Liberty and respect in child protection. *British Journal of Social Work*, 34, 17–32.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2009). Samningur um réttindi barnsins. Í Björg Thorarensen, Hjördís Björk Hákonardóttir og Róbert Spano (ritstj.), *Mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (bls. 289–339). Reykjavík: Bókaútgáfan Codex, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands.
- Jones, C. og Leverett, S. (2008). Policy into practice: Assessment, evaluation and multi-agency working with children. Í P. Foley og A. Rixon (ritstj.), *Changing children's services, working and learning together* (bls. 123–167). Bristol: Policy Press.

- Larsen, E. (2011). Help or formality? Children's experiences of participation in home-based child welfare cases: A Norwegian example. *Nordic Social Work Research*, 1, 43–60.
- Littlechild, B. (2000). Children's rights to be heard in child protection processes: Law, policy and practice in England and Wales. *Child Abuse Review*, 9, 403–415.
- Løfsnæs, B.(2002). *Bestemme selv? Familieråd som metode i praktisk arbeid*. Gjøvik: Gyldendal Norsk Forlag.
- Lög um barnavernd nr. 43/1932.*
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*
- Lög um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947.*
- Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.*
- Lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.*
- Maiter, S., Palmer, S. og Manji, S. (2006). Strengthening social worker-client relationship in child protective services: Addressing power imbalances and “ruptured” relationship. *Qualitative Social Work*, 5, 167–186.
- Munro, E. (2011). *The Munro review of Child Protection Interim Report: The child's journey*. London: Department of Education. Sótt 2. júní 2011 á <http://www.education.gov.uk/munroreview/>.
- Noble, D.N., Perkins, K. og Fatout, M. (2000). On being strength coach: Child welfare and the strengths model. *Child and Adolescent Social Work Journal*, 17(2), 141–153.
- Ragnheiður B. Guðmundsdóttir. (2011). *Hvar á ég heima; hver hlustar á mig?* Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands og EHÍ, Félagsráðgjafardeild.
- Ribner, D.S. og Knei-Paz, C. (2002). Client's view of a successful helping relationship. *Social Work*, 47, 379–387.
- Saint-Jacques, M.C., Drapeau, S., Lessard, G. og Beaudoin, A. (2006). Parent involvement practices in child protection: A matter of know-how and attitude. *Child and Adolescent Social Work Journal*, 23(2), 196–216.



- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992.
- Sandbæk, M. (1995). *Fikk barna hjelp?* Oslo: Barnevernets utviklingssenter.
- Sandbæk, M. (1999). Children with problems: Focusing on evryday life. *Children & Society*, 13, 106–118.
- Sandbæk, M. (ritstj.) (2001). *Fra mottaker til aktør: Burkernes plass i praktisk sosial arbeid og forskning*. Oslo: Gyldendal Akademisk.
- Sanders, R. og Mace, S. (2006). Agency policy and the participation of children and young people in the child protection process. *Child Abuse Review*, 15, 89–106.
- Schjelderup, L., Omre, C., Marthinsen, E., Horverak, S. og Hyrve, G. (2005). Mot et nyt barnevern. Í L. Schjelderup, C. Omre og E. Marthinsen (ritstj.), *Nye metoder i et moderne barnevern* (bls. 9–52). Bergen: Fagbokforlaget.
- Schofield, G. og Thoburn, J. (1996). *The voice of the child in child protection*. London: Institute for Public Policy Research.
- Scourfield, J. (2003). *Gender and child protection*. New York: Palgrave Macmillian.
- Shemmings, D. (2000). Professionals' attitudes to children's participation in decision-making: Dichotomous accounts and doctrinal contests. *Child and Family Social Work*, 5, 235–243.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2002). *Ævintýri á fjöllum: Rannsókn á reynslu unglunga af starfi með Hálandishópnum á tímabilinu 1989–2000*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2005). Réttur barna og velferð við skilnað foreldra: Um lýðræðishugsun og hagsmuni. *Tímarit lögfræðinga*, 55(2).
- Slettebø T. og Seim, S. (ritstj.) (2007). *Brukermedvirkning i barnevernet*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Sloper, P. (2004). Facilitators and barriers for co-ordinated multi-agency services. *Child Care, Health and Development*, 30(6), 571–580.

Stanley, N. (2006). Protecting and empowering. *Child Abuse Review*, 15, 75–78.

Thoburn, J., Lewis, A. og Shemmings, D. (1995). Family participation in child protection. *Child Abuse Review*, 4, 161–171.

Uggerhøj, L. (1995). *Hjælp eller afhængighed*. Aalborg: Universitetsforlag.

White, S. og Featherstone, B. (2005). Communicating misunderstandings: Multi-agency work as social practice. *Child and Family Social Work*, 10, 207–216.

Wright, P., Turner C., Clay, D. og Mills, H. (2006). *The participation of children and young people in developing social care: Participation Practice Guide*, 06. Sótt 9. júní 2011 á <http://www.crin.org/docs/participation%20of%20children%20and%20young%20people%20in%20developing%20soc.pdf>.